

**Ed.**

**605. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, í nágrenni Varmahlíðar í Skagafirði, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Helgafelli í Snæfellsnessýslu, við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði, Laugarvatni í Árnessýslu, Ytri-Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.